



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 15. ágúst 2022

2208004SA GB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um áform um breytingu á lögum um menningarminjar (aldursfriðun minja), mál nr. 141/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda um fyrirhugaða breytingu á lögum um menningarminjar.

Í tilkynningu kemur fram að tilefni þessa er endurskoðun á aldursfriðunarákvæði fornleifa í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, svokölluð 100 ára regla. Við setningu laga nr. 80/2012 miðaði aldursfriðun við árið 1912 samkvæmt áðurnefndri reglu. Hefur viðmiðið færst nær í tíma ár hvert eftir það, eðli máls samkvæmt, og miðar nú við árið 1922. Af því leiðir að stutt er í aldursfriðun mikils fjölda steinsteypra húsa og annarra mannvirkja í þéttbýli og sveit, sem og innviða úr fjöldaframleiddum efniviði.

Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga til 100 ára reglu

Töluverð umræða var um þá reglu sem fram kemur í 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 í aðdraganda að setningu laganna, sem felur í sér að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri teljist friðuð. Hið sama á við um skilgreiningu forngripa, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Má fullyrða að flestum sem komu að setningu laganna hafi mátt vera ljóst að 100 ára regluna þyrfti að endurskoða innan tiltölulega skamms tíma, af þeim ástæðum sem raktar eru í áformaskjali í samráðsgátt.

Pegar árið 2015 var forsætisráðuneytið, sem þó fór með forsvar fyrir málefni menningarminja, búið að undirbúa lagafrumvarp um að breyta þessu viðmiði í fast ártal. Það frumvarp var þó aldrei lagt fram á Alþingi, af ókunnum ástæðum. Umsögn sambandsins um það frumvarp, dags. 25. september 2015, fylgir hjálagt. Varðandi 100 ára regluna var í umsögninni kallað eftir skýrara orðalagi varðandi aldursfriðun mannvirkja. Þannig þyrfti að kveða skýrt á um hvort aldursfriðun ætti eingöngu við um hús sem væru byggð fyrir árið 1915 eða hvort hún næði einnig til húsa sem byggð voru á árinu 1915.

Einnig kallaði sambandið eftir því að hugað yrði að endurskilgreiningu fornminja og fornleifa, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Er ítrekuð sú afstaða sem fram kemur í umræddri umsögn, að ef áfram verður miðað við 100 ára regluna myndi minjum frá 20. öld fjölga gífurlega hratt á komandi árum vegna fjöldaframleiðslu og breyttra þjóðfélagsháttanna. Óvinnandi verk væri að friða þær allar sjálfkrafa.

Varðandi aldursfriðun mannvirkja sérstaklega virðist nærtækt að í stað 100 ára reglu verði lögfest ákvæði um aldursfriðun sem miði við byggingarár húss. Í samskiptum við Reykjavíkurborg hafa komið fram sjónarmið um að aldursfriðun verði

annaðhvort bundin við 1918, líkt og aldursfriðun kirkna, eða árið 1915, en það ár var í byggingarreglugerð kveðið á um óheimilt væri að reisa hús úr timbri í þéttbýli Reykjavíkur.

Sambandið lýsir ekki eindreginni skoðun um hvort þessara ártala ætti fremur að verða fyrir valinu en ganga má út frá því að á öðrum áratug síðustu aldar hafi tímabil steinsteypuhúsa hafist í Reykjavík. Verði 100 ára reglan áfram í gildi mun það leiða til þess að heil svæði steinsteypra húsi falli undir þetta ákvæði um friðun, en við það myndi tilgangur og sérstaða friðaðra húsa minnka mjög. Einnig er hætt á að óbreytt lagaákvæði geti leitt til tafa á endurskipulagningu hverfa og þannig unnið gegn markmiðum rammisamnings um aukið framboð íbúða og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum sem nýlega var gerður milli innviðaráðuneytis, HMS og sambandsins. Sömu sjónarmið eiga að öllum líkindum einnig við utan Reykjavíkur og má t.d. nefna í því samhengi að farið er að byggja íbúðarhús úr steinsteypu um allt land upp úr síðari heimsstyrjöld.

Aðrar ábendingar

Í áðurnefndum frumvarpsdrögum frá árinu 2015 var áformað að gera breytingar á 16. gr. laganna, sem fjallar um fornleifaskráningu. Líkt og rakið er í umsögn sambandsins um frumvarpsdrögin er tilefni til að gera ákveðnar breytingar á orðalagi 16. gr. Óskar sambandið því eindregið eftir því að við endurskoðun laganna verði einnig gerðar nauðsynlegar breytingar á 16. gr., sem undirbyggi skynsamlegt verklag við skráningu fornleifa og dragi úr kostnaði sveitarfélaga við gerð aðalskipulags.


Jafnhliða óskar sambandið eftir samtali við ráðuneytið um hvort mögulegt væri að lögfesta heimild til þess að Skipulagssjóður taki þátt í kostnaði sveitarfélaga við fornleifaskráningu, líkt og rakið er í umræddri umsögn.

Lokaorð

Sambandið lýsir sig reiðubúið til frekara samráðs um útfærslu lagafrumvarps um breytingar á lögum um menningarminjar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um menningarminjar, dags. 25. september 2015.